

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 29/1967. **Hestamannafélagið Fákur**
(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Samúel Kristbjarnarsyni
(Magnús Thorlacius hrl.)

og

Samúel Kristbjarnarson
gegn

Björgvin Schram
(Sigurður Sigurðsson hrl.)

Hestamannafélaginu Fáki

og

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
til réttargæzlu

(Benedikt Blöndal hrl.)

og svo

Björgvin Schram
gegn

Samúel Kristbjarnarsyni

og

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f
til réttargæzlu.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967 og krafist þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda Samúel Kristbjarnarsyni verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Samúel Kristbjarnarson hefur áfrýjað mál-

inu með stefnu 27. febrúar 1967 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda, Hestamannafélaginu Fáki, og gagnáfrýjanda Björgvin Schram verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 211.400.80 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Björgvin Schram hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. apríl 1967, áfrýjað málinu með stefnu 11. s. m. og krafizt þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af kröfum gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar og að Samúel Kristbjarnarsyni verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Réttargæzlustefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, hefur sótt dómþing í Hæstarétti, en engar kröfur gert.

Það veldur eigi skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda, Hestamannafélagsins Fáks, þótt fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda létu það við gangast, að förunautar í reiðför þeirri, sem í málinu greinir, teymdu lausa hesta, og yfirleitt er engin sú hegðun sönnuð á hendur fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda, sem leiðir til skaðabótaskyldu aðaláfrýjanda í málinu. Ber því að dæma aðaláfrýjanda sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar. Rétt er, að málskostnaður í máli þessara aðilja bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um skipti gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar og gagnáfrýjanda Björgvins Schrams. Rétt er, að málskostnaður í máli þeirra fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Samúels Kristbjarnarsonar í máli þessu.

Málskostnaður í máli þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um mál gagnáfrýjanda Samúels

Er hin breytta kröfugerð hér byggð á örorkumati Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis, dags. hinn 23. nóvember 1961, og örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. hinn 20. desember 1961. Einnig er hér krafizt greiðslu aukins útlagðs kostnaðar.

Með stefnu, útgefinni hinn 10. marz 1965, höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur Hestamannafélaginu Fákí hér í borg og gerði nú þær dómkröfur, að félagið yrði dæmt in solidum með stefnda Björgvin til að greiða áður umstefnda fjárhæð, kr. 136.707.80, með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 20. desember s. á., en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í málinu í heild.

Með framhaldsstefnu, útgefinni hinn 18. september 1966, höfðaði stefnandi enn framhaldssök í málinu og gerði nú þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 234.148.00 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á., en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í málinu í heild.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu, en stefndi Hestamannafélagið Fákur hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá því félagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru engar kröfur gerðar í málinu.

Af hálfu stefnda Björgvins eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði með öllu sýknaður af dómkröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 8. maí 1960 var farin á vegum Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík skemmtiferð á hestum að Görðum á Álftanesi, og skyldi farið um Hafnarfjörð. 60—80 manns munu hafa tekið þátt í ferð þessari, og voru margir með tvo til reiðar. Var haldið eftir veginum að útvarpsstöðinni, yfir Rjúpnahæð og Kjóavelli, með Vífilsstaðavatni og hrauninu og síðan um Hafnarfjörð út á Álftanes. Sérstök fararstjórn stýrði ferðinni. Stefndi Björgvin tók þátt í ferð þessari og hafði tvo til reiðar. Félagar úr Hestamannafélaginu Sörla í Hafnarfirði

héldu til móts við félagana úr Fáki, og mættust hóparnir undir Vífilsstaðahlíð milli Vífilsstaða og Urriðakots, og var áð þar. Stefnandi, sem er félagi í Hestamannafélaginu Fáki, hafði ákveðið að taka þátt í ferð þessari, en þar sem hann átti hesta sína í Hafnarfirði, fór hann þangað í bifreið, en reið síðan ásamt hafnirzkum hestamönnum til móts við félagana úr Fáki. Eftir stutta viðdvöl í áningarstaðnum var lagt af stað suður veginn austan við Urriðakot og Setberg niður undir Hafnarfjörð. Áður en haldið var í gegnum Hafnarfjarðarbæ, hafði verið leitað aðstoðar lögreglunnar í bænum til að stjórna för hópsins á ferð hans í gegnum bæinn. Reið Kristinn Hákonarson lögregluvarðstjóri fyrir hópnum á leiðinni um Hafnarfjörð. Þegar komið var vestur fyrir aðalbyggð bæjarins, vildi það til, að hestur sá, sem stefndi Björgvin teymdi, stakk við fótum og sló til stefnanda, sem reið næst á eftir. Kom höggið á hægri fótlegg stefnanda, sem brotnaði við það. Hlaut stefnandi af þessu varanlega örorku, sem metin var 25% samkvæmt mati Stefáns Guðnasonar tryggingalæknis.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að áður en lagt var af stað úr fyrrgreindum áningarstað undir Vífilsstaðahlíð, hafi hann heyrt þess óskað, að menn héldu hópinn, þar sem séð hefði verið fyrir því, að hópurinn nyti verndar gegn annarri umferð, er farið væri í gegnum Hafnarfjörð. Þegar komið var niður undir Hafnarfjörð, kveður stefnandi þá fremstu hafa hinkrað við eftir þeim, sem á eftir voru. Kveður stefnandi Kristin Hákonarson, lögregluvarðstjóra í Hafnarfirði, hafa riðið fremstan og kveðst hafa heyrt hann kalla til ferðafólksins og mælast til þess, að það reyndi að halda hópinn, á meðan farið væri í gegnum bæinn. Var síðan lagt af stað. Þegar hópurinn var kominn vestur úr aðalbyggð Hafnarfjarðar, kveður stefnandi heldur hafa tognað úr hópnum, enda hafi þá lítið gætt bifreiðaferða. Stefnandi kveðst hafa verið einn þeirra, sem haldið hafi tafarlaust áfram leiðina vestur úr, þegar byggðinni sleppir. Stefnandi kveður stefnda Björgvin hafa riðið á undan sér og hafa haft hest í taumi hægra megin, reiðtygjalausan. Stefnandi kveðst hafa riðið, að því er sér hafi fundizt, hæfilega langt frá stefnda Björgvin og kveðst hafa verið alveg fyrir aftan hann, þ. e. beint fyrir aftan hann. Kveðst hann hafa verið alls öruggur um, að sér stafaði engin hætta af hesti þeim, sem stefndi Björgvin teymdi, enda hafi hann verið það langt frá honum, að öllum venjulegum hestum hafi

ekki getað verið það til ama. Stefnandi kveðst nú hafa tekið eftir því, er þeir voru komnir vestur í hraun, sem þarna er, að svarti hesturinn, sem stefndi Björgvin teymdi, fór hægar en sá, sem Björgvin sat, og rétt í sömu andrá hafi hann slegið aftur undan sér. Kveður stefnandi höggið hafa lent á hægra fæti sínum með þeim afleiðingum, að fótleggurinn hafi brotnað. Stefnandi kveður þetta hafa skeð svo skyndilega, að ekki hafi verið hægt um vik að forðast hættuna, þó að hann hefði haft grun um hana, enda hafi hann á engan hátt mátt búast við þessum viðbrögðum hestsins. Ekki kveður stefnandi hestinn á neinn hátt hafa verið auðkenndan. Stefnandi kveður færið hafa verið svo langt, að hesturinn hafi verið búinn að rétta úr sér, er höggið lenti á fótlegg hans. Stefnandi kveður sér það vel kunnugt af margítrekaðri reynslu, að þegar hestar eru reknir og riðið er fast að þeim, geti þeim verið hætt til að slá, þó sé þetta ekki föst regla, en ef þeir slá, þá sé hættuminna að vera sem næst þeim.

Stefndi Björgvin hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt umræddan hest af Skúla bónda í Svignaskarði í Borgarfirði um jólaleitið 1959 og kveður hestinn hafa komið til bæjarins hinn 10. janúar 1960. Hann kveður hestinn hafa verið geymdan í hesthúsi í Kaplaskjólí ásamt tveimur öðrum hestum og hafi hann verið þar um veturinn. Kveður Björgvin Pétur Ingjaldsson hafa hirt um hestinn. Björgvin kveðst aldrei hafa orðið var við slægð í hestinum fyrr en í umræddri ferð. Hann kveður það hafa verið í fyrsta skipti, sem hann hafi farið með hestinn í hópferð. Ekki kveðst Björgvin hafa orðið var við, að hesturinn slægi í annað skipti í ferðinni en þegar slysið varð. Ekki kveðst hann heldur hafa orðið var við, að neinn af mönnum þeim, sem í ferðinni voru, hafi bent sér á, áður en slysið varð, að hesturinn hefði slegið til þeirra. Stefnandi kveðst síðar hafa orðið var við, að hesturinn ætti það til að slá, þegar riðið væri aftur undir hann, eða öllu heldur, að hann myndaði sig til að slá. Stefnandi Björgvin kveður Björn Blöndal hafa fengið hestinn í ferð Fáks að Hellu, sem farin var árið eftir, og kveður hann hafa skýrt sér frá því, að hesturinn hefði verið óþægur í járnungu. Ekki kveður Björgvin hafa borið á slægð í hestinum í þau fyrstu tvö skipti, sem hann var járnaður, eftir að hann fékk hestinn og þar til er umrædd ferð var farin. Hins vegar kveður Björgvin síðar hafa gengið illa að járna hestinn í eitt eða tvö skipti, en telur, að það hafi

stafað af því, að ekki sé sama, hver að því vinni. Ekki kveðst Björgvin telja útilokað, að hesturinn hafi slegið til annarra í umræddri ferð, þó að hann hafi ekki orðið var við það.

Vitnið Pétur Ingjaldsson hefur skýrt svo frá, að það hafi annazt hest þann, sem olli umræddu slysi, frá því að stefndi Björgvin hafi keypt hestinn síðla árs 1959 og fram að slysdegi. Kveður vitnið hestinn hafa reynzt hinn prúðasta og kveðst öðru hverju hafa reynt hann þennan vetur ásamt stefnda Björgvin og hafi það þá aldrei orðið þess vart, að hesturinn hafi slegið. Kveðst vitnið ekki hafa orðið vart neinna sérstakra bresta í fari hestsins utan þess, sem eðlilegt sé um ótamda fola. Vitnið kveðst einu sinni hafa verið viðstatt, er hesturinn var járnaður, og kveður hann þá hafa reynzt hinn sæmilegasta. Vitnið kveðst hafa verið einn af félögum Fáks í umræddri ferð og kveðst hafa komið úr Reykjavík. Á leiðinni til Hafnarfjarðar kveður það félagana hafa mætt félögum úr Hestamannafélaginu Sörla. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa heyrt neinar fyrirskipanir í þá átt að ríða skipulega eða í þéttum hóp, en kveðst þó gera ráð fyrir, að einhver skipun í þá átt hafi verið gefin. Vitnið var ekki sjónarvottur að slysinu.

Vitnið Kristinn Hákonarson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að það hafi verið fengið af báðum hestamannafélögum til þess að hafa á hendi stjórn hópsins sem lögregluþjónn, og kveðst það hafa haft fullt samþykki yfirmanna sinna til þess að vera í einkennisbúningi í umrætt sinn. Kveðst vitnið hafa tekið við stjórn hópsins Hafnarfjarðar megin við Vífilstaðalæk. Vitnið kveðst hafa látið þá ósk í ljós við hestamennina, að þeir héldu hópinn. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, þegar komið var að þeim stað, er svonefndur Flóttamannavegur kemur á Kaldárselsveg, að nokkrir félagar höfðu dregizt aftur úr hópnum. Eftir að hópurinn var kominn saman aftur, kveðst vitnið hafa látið í ljós svofellda ósk: „Ég ætla að biðja ykkur um að halda hópinn í gegnum bæinn“. Kveðst vitnið hafa mælt til í þessu sambandi, að menn riðu tveir og tveir saman í gegnum bæinn. Ekki kveður vitnið nein fyrirmæli hafa verið gefin um það, hversu þétt menn skyldu ríða. Kveðst það hafa lagt það undir skynsemi hvers og eins. Vitnið kveðst síðan hafa riðið í fararbroddi ásamt öðrum manni, er farið var í gegnum Hafnarfjörð, og kveðst ekki hafa fylgzt með þeim, sem aftarlega voru, enda hafi lestin verið löng. Vitnið kveðst ekki hafa séð, er slysið varð, en kveður sér síðar hafa verið sagt, hvaða hestur það var, sem slysinu olli. Ekki

kveðst vitnið muna, hvort það hafi veitt hestinum athygli, áður en slysið varð, en það kveðst síðar hafa séð hestinn í ferðinni og þá litið á hann, en kveðst ekki hafa séð, að hann væri merktur, þannig að um hættulegan hest hafi verið að ræða. Kveðst vitnið hafa komið á slysstaðinn og kveður stefnanda þá hafa setið þar. Vitnið kveðst telja, að hópurinn hafi verið farinn að dreifast, áður en á slysstaðinn kom.

Vitnið Ólafur Jónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi riðið samsíða stefnanda, er slysið varð. Ekki kveðst vitnið muna eftir að hafa heyrt skipanir um sérstakt reiðlag, en kveður lögregluþjón hafa stjórnað hópnum og kveður sér hafa virzt hópurinn ríða eftir settum reglum. Vitnið kveður sig minna, að það og stefnandi hafi riðið tveir samsíða í umrætt sinn. Það kveður það hafa komið sér mjög á óvart, hversu snögglega slysið varð. Kveðst það hafa talið þá féлага í hæfilegri fjarlægð frá hestinum, en hann hafi skynðilega stungið við fótum, lyft afturendanum og teygt ótrúlega langt úr sér, að því er vitninu virtist, og greitt stefnanda högg. Vitnið kveður sig jafnan gæta þess að ríða aldrei of nærri hestum, sem á undan eru, og kveður svo hafa verið í þetta skipti. Vitnið kveður menn hafa riðið fyrir aftan þá félagana og hafi það því getað skapað hættu að breikka bilið. Vitnið kveðst hvorki hafa veitt hesti þeim, sem slysinu olli, sérstaka athygli, áður en slysið varð, né tekið eftir því, að hann væri sérstaklega merktur.

Vitnið Gunnar Steinsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í umræddri hópferð. Það kveður það hafa skeð í ferð þessari, er hópurinn var á leið niður í Hafnarfjörð, að brúnn hestur, sem maður hafði í taumi, hafi slegið til sín. Kveður vitnið þetta hafa skeð tvisvar sinnum, er það var statt fyrir aftan þennan hest. Vitnið kveðst hafa haft orð á þessu við mann þann, sem teymdi hestinn, en hann hafi engu svarað. Vitnið kveður sér hafa verið sagt, að maður þessi væri Björgvin Schram. Vitnið kveður þennan sama hest skömmu síðar hafa slegið Samúel Kristbjarnarson.

Vitnið Árni Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið í umræddri hópferð. Kveður vitnið þau fyrirmæli hafa verið gefin, að hópurinn slitnaði ekki í sundur, á meðan riðið væri í gegnum Hafnarfjörð. Er hópurinn fór yfir hraunhæðina næst fyrir vestan Vífilsstaði, kveðst vitnið hafa riðið skammt frá manni, sem riðið hafi bleikum hesti, að því er það minnir, en teymt brúnan hest eða svartan. Kveðst vitnið hafa veitt hesti þessum sérstaka athygli, því að hann hafi skvett upp afturend-

anum í áttina til þess, sýnilega til að slá til hesta þeirra, sem það reið, en hesturinn hafi ekki náð til þeirra. Vitnið kveðst hafa spurzt fyrir um það, hver væri með þennan hest, og hafi sér þá verið sagt, að hann hétí Björgvin Schram. Litlu síðar kveður vitnið þennan sama hest hafa slegið til Samúels Kristbjarnarsonar og fótbrotið hann. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að hesturinn hafi slegið í önnur skipti en það hefur skýrt frá, enda kveðst það ekki hafa fylgzt með honum sérstaklega.

Vitnið Gísli Gíslason kveðst hafa tekið þátt í ferð Hestamannafélagsins Fáks að Hellu á árinu 1961. Það kveðst ekki þekkja mikið til Brúns og Björgvins Schrams, en kveður Björn Blöndal hafa verið með hestinn í ferð þessari. Það kveður hestinn hafa týnt undan sér skeifu á milli Búrfells og Klausturhóla. Vitnið kveður, að reynt hafi verið að járna hestinn á frjálsum velli, en ekki hafi verið við það komandi, vegna þess hve klárinn hafi verið erfiður. Þá segir vitnið, að farið hafi verið með hestinn í fjós á Klausturhólum og hann bundinn þar við stoðir og hafi járnngin farið þar fram að klárnum liggjandi. Kveður vitnið hestinn hafa brotizt svo hart um, að hann hafi skollið í flórin. Vitnið kveður hestinn sér vitandi ekki hafa sýnt önnur óknyttil í ferðinni en þau, sem komu fram, er hann var járnaður. Ekki kveðst það hafa fylgzt með hestinum sérstaklega í ferðinni að undanskildu því atviki, er hann var járnaður. Vitnið kveður rautt hættumerki hafa verið bundið í tagl hestsins.

Jón Brynjólfsson, sem var einn af stjórnarmönnum Hestamannafélagsins Fáks á þeim tíma, er slysið varð, og forstöðumaður skrifstofu félagsins, hefur skýrt svo frá, að áður en haldið var úr næsta áningarstað, áður en komið var til Hafnarfjarðar, hafi verið gefin út sú fyrirskipun af fararstjóra, að menn skyldu ríða þétt í gegnum bæinn. Kveður hann fyrirskipun þessa hafa verið gefna til þess að koma í veg fyrir það, að hægt væri að aka bifreið í gegnum hópinn með lítilli forsjálmi. Áður en komið var í næsta áfangastað, kveður hann slys það hafa orðið, sem hér er fjallað um. Jón kveðst hafa séð fleiri hesta slá í ferðinni, þó að ekki kæmi það að sök í þeim tilvikum. Jón kveðst þegar í stað hafa tilkynnt réttargælustefnda slysið munnlega og hafi ábyrgð félagsins ekki verið neitað. Er ljóst varð, að skaðabótakrafa mundi koma fram frá stefnanda, kveðst Jón hafa ásamt formanni félagsins sent réttargælustefnda lýsingu á atvikum að

slysinu. Jón kveður fulltrúa réttargæzlustefnda síðar hafa tjáð sér, að atvikið félli undir ábyrgðartrygginguna og að réttargæzlustefndi teldi sig eiga að mæta kröfum þeim, sem beint yrði að Hestamannafélaginu Fáki vegna slyssins.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Björgvin eru byggðar á því, að eðlilegast sé, að eigandi dýrs beri ábyrgð á tjóni, sem hlýzt af þess völdum, hvort sem honum verði gefin sök á því eða ekki. Í tilvik því, sem hér ræðir, hafi auk þess verið um hættulegt dýr að ræða, þar sem hesturinn hafi verið slægur, og hljóti því að verða að leggja á stefnda Björgvin sök á slysi því, sem stefnandi varð fyrir.

Kröfur stefnanda á hendur Hestamannafélaginu Fáki eru byggðar á því, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi skipulagt umrædda ferð og stjórnað henni. Þeir hafi gefið fyrirskipun um, að riðið skyldi í þéttum hnapp í gegnum Hafnarfjarðarbæ, og hafi þeirri fyrirskipun verið fylgt eftir með aðstoð lögreglu. Þessi ráðstöfun hafi verið hættuleg, því að alltaf megi búast við því, að einhverjir þátttakenda séu með slæga hesta og hvorki gæti þeirra né vari við þeim. Af þessum sökum hljóti félagið að bera fábótaábyrgð á tjóni, sem hlýzt af þessum sökum. Auk þess er því haldið fram, að félagið hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá réttargæzlustefnda. Fyrirsvarsmenn félagsins hafi síðar tilkynnt réttargæzlustefnda slysið og hafi þar með verið viðurkennd ábyrgð Hestamannafélagsins Fáks á tjóni stefnanda af völdum slyssins, enda hafi réttargæzlustefndi viðurkennt að eiga að mæta tjóni stefnanda.

Sýknukrafa stefnda Björgvins er í fyrsta lagi byggð á því, að ábyrgð án sakar á slysi eins og því, sem stefnandi varð fyrir, verði að íslenskum lögum ekki lögð á eiganda hestsins, nema vitað sé, að hesturinn sé stórlega hættulegur mönnum og að tjónið sé eðlileg afleiðing þeirrar hættu. Þá er því haldið fram, að stefnda Björgvin verði á engan hátt gefin sök á slysinu. Hann verði ekki með neinu móti sakaður um gálausa reiðmennsku eða taumhald á hestum sínum og honum verði heldur ekki gefið að sök að hafa ekki gefið nægilega gaum að samferðamönnum sínum. Er því haldið fram, að viðbrögð hestsins hafi ekki stafað af eðliságalla, heldur af reiðlagi stefnanda sjálfs, sem riðið hafi fast á hæla stefnda Björgvins, og hafi viðbrögðin ekki verið önnur en þau, sem við megi búast af hestum yfirleitt. Er því haldið fram í þessu sambandi, að slysið megi rekja til þeirrar

ráðstöfunar manna þeirra, sem stjórnðu ferðinni, að menn skyldu halda hópinn og ríða þétt saman. Þá er því að lokum haldið fram, að ef talið verði, að hlutlæg ábyrgð á tjóni stefnanda verði lögð á stefnda Björgvin, þá eigi sú ábyrgð að falla niður, þar sem stefnandi hafi sjálfur átt sök á slysinu.

Sýknukrafa stefnda Hestamannafélagsins Fáks er byggð á því, að félagið beri enga ábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins, þótt félagið hafi skipulagt ferðina, þá hafi ekkert gjald verið tekið af þátttakendum og enginn hafi verið skyldaður til að taka þátt í henni. Þeir, sem þátt taki í slíkum ferðum, verði sjálfir að taka á sig þá áhættu, sem því er samfara. Er því haldið fram, að fébótaábyrgð á tjóni stefnanda verði ekki á lögð, nema um sök hafi verið að ræða hjá stefnda Björgvin, en það sé ósannað með öllu. Verði ekki á þessi sjónarmið fallizt, þá er því haldið fram, að stefnandi, sem tekið hafi þátt í ferð þessari af eigin hvötum, hafi riðið svo nálægt hesti þeim, er stefndi Björgvin teymdi, að varhugavert megi teljast og megi rekja slysið til þess. Er því haldið fram, að af þessum sökum beri að sýkna stefnda Hestamannafélagið Fák. Er því mótmælt, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi með því að tilkynna réttargæzlustefnda slysið viðurkennt greiðsluskyldu á tjóni stefnanda. Einnig er því mótmælt, að réttargæzlustefndi hafi viðurkennt fébótaábyrgð sína á tjóni stefnanda, þótt talið hafi verið rétt, að stefnandi beindi kröfugerð til réttargæzlustefnda, er svo tæki afstöðu til hennar með samþykki, synjun eða samningstilboði.

Stefnandi og stefndi Björgvin tóku báðir þátt í umræddri hópferð, sem var þáttur í ástundun þeirrar íþróttar eða þess tólmstundagamans, sem hestamennska kann að vera hjá hverjum og einum. Þykir því ekki hægt að fallast á það, að leggja beri á stefnda Björgvin sem eiganda hests þess, sem sló stefnanda, hlutlæga ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir við það, enda er eigi í ljós leitt, að hesturinn hafi verið slíkur skaðræðisgripur, að hann hafi almennt verið hættulegur umhverfi sínu. Þá verður að telja, að ekki hafi verið leitt í ljós, að hesturinn hafi verið haldinn öðrum eiginleikum en þeim, sem almennt geta komið fram hjá hestum, er þeir koma margir saman. Þá þykir eigi fram komið, að stefndi Björgvin hafi sýnt af sér gálaust reiðlag eða taumhald á hestum sínum. Þykir því ekki verða felld á stefnda Björgvin fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Gegn andmælum af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks

verður að telja ósannað, að viðurkennd hafi verið fébótaábyrgð og greiðsluskylda réttargæzlustefnda.

Í umræddri hópferð var farið um Hafnarfjörð, norður- og vesturhluta bæjarins. Þegar hópur reiðmanna fer um þéttbýli, er þörf sérstakrar aðgæzlu í sambandi við umferð gangandi fólks og ökutækja til að koma í veg fyrir hættu, sem slíkri reið er samfara. Er reglum þeim, sem fram koma í ákvæði 63. gr. umferðarlaga ætlað að koma í veg fyrir slíka hættu. En einnig er ljóst, að þegar hópur reiðmanna fer um þéttbýli, eins og í því tilviki, sem hér um ræðir, hafa menn ekki eins mikið svigrúm til að haga ferð sinni með tilliti til samferðarmanna sinna og þegar farið er um bersvæði. Það er því ljóst, að við slíkar aðstæður skapast sérstök hættu af hestum, sem teymdir eru. Það verður því að telja, að það hafi verið óvarlegt af fyrirsvarsmönnum Hestamannafélagsins Fák, sem stofnuðu til ferðarinnar, réðu leiðinni og stjórnuðu ferðinni, að leyfa þátttakendum að teyma lausa hesta. Þótt slysið hafi að vísu orðið fyrir vestan aðalbyggð Hafnarfjarðar og eftir að svigrúm þátttakenda jókst, þá verður að telja, að rekja megi orsakir slyssins meðal annars til þessa ágalla við skipulagningu ferðarinnar að leyfa lausa hesta. Þykir það leiða til þess, að leggja verði á stefnda Hestamannafélagið Fák fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Verður eigi talið, að það leiði til sýknu félagsins, þótt stefnandi hafi tekið þátt í ferðinni sem ástundun íþróttar eða tómstundagamans án þess að greiða endurgjald fyrir. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi ekki gætt þess sem skyldi, eftir að komið var út fyrir aðalbyggð Hafnarfjarðar, að halda sig í hæfilegri fjarlægð frá stefnanda og hestum hans, sem voru næst á undan. Þykir hann því sjálfur eiga að bera að hluta ábyrgð á tjóni því, sem hann varð fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að leggja á Hestamannafélagið Fák að hálfu fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem helming tjónsins þykir stefnandi eiga að bera sjálfur.

Verður nú afstaða tekin til endanlegra dómkrafna stefnanda, en þær hefur hann sundurliðað þannig:

1. Útlagður kostnaður	kr. 13.335.00
2. Bætur fyrir atvinnutjón	— 145.813.00
3. Bætur fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 75.000.00

Kr. 234.148.00

Um 1. Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks hefur fjárhæð kröfuliðar þessa ekki sætt andmælum að öðru leyti en því, að mótmælt er kostnaði við síðasta útreikning á örorkutjóni stefnanda á þeim grundvelli, að sá útreikningur hafi verið óþarfur, þar sem nauðsynlegar upplýsingar hafi átt að liggja fyrir, þegar næsti útreikningur á undan var gerður. Með hliðsjón af mótmælum þessum þykir eftir atvikum rétt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 12.335.00.

Um 2. Strax eftir slysið var stefnandi fluttur á slysavarðstofuna í Reykjavík. Var þar tekin röntgenmynd af brotinu og búið um það til bráðabirgða. Daginn eftir var stefnandi fluttur í handlæknisdeild Landspítalans. Í vottorði Friðriks Einarssonar, dr. med., dags. hinn 14. 11. '61, segir svo um meiðsli stefnanda og aðgerðir:

„... Sjúkl. skýrði svo frá, að hann hefði verið á útreiðartúr daginn áður, er hestur hafði slegið hann, og kom höggið framanvert á hægri fótlegg. Sjúkl. fann strax mikið til í fætinum og gat ekki stigið í hann. Honum var ekið á Slysavarðstofuna og kom þar á 6. tímanum þann 8. 5. Röntgenmyndir þar sýndu brot á hægri sköflung og einnig sár yfir brotinu (opið beinbrot — fractura complicata tibiae dx.). Búið var um fótinn til bráðabirgða og sjúkl. dvaldi á Slysavarðstofunni um nóttina, en var svo fluttur á Handlæknisdeild Landspítalans.

Við skoðun hér á deildinni fannst opið beinbrot um miðjan hægri sköflung, með gómstóru sári yfir brotinu. Sárið var ekki hreint og nokkuð langt um liðið frá því slysið varð, svo ekki þótti rétt að gera tilraun til að spengja beinið, þar sem ígerðarhætta hefði verið svo mikil, heldur var gert að sárinu og gipsumbúðir lagðar á gangliminn. Sjúkl. lá á Handlæknisdeildinni til 20. maí 1960, en var þá sendur heim til sín með fótinn í gipsumbúðum og átti að koma til athugunar við og við á deildina.

Sjúkl. var aftur innlagður á Handlæknisdeild 6. sept.—28. sept. 1960. Hann hafði þá um nokkurt skeið gengið við tvær hækjur, en með fótinn í gipsumbúðum, en brotið greri seint, og 8. sept. 1960 voru því í svæfingu gerðar beinboranir (Inforatio a. m. Beck), þar sem borað er í kringum og gegnum brotstaðinn til þess að auka næringu og flýta fyrir að bein grói. Aftur lagðar gipsumbúðir. Sjúkl. var útskrifaður af deildinni 28. sept. 1960 með fótinn í umbúðum, en mátti þá ganga og reyna á hann eftir getu.

25. febr. 1961 voru teknar röntgenmyndir af hægri fótlegg. Sýndu þær, að brotið var gróið, en mikil úrkölkun í beinum.

Sjúkl. kom til mín til skoðunar 6. nóvember 1961. Hann kveðst hafa verið frá vinnu alveg í eitt ár, en hóf þá fyrri störf (afgreiðslustörf). Hann vinnur nú fulla vinnu.

Kvartanir: Sjúkl. finnst mun minni kraftur og þróttur í hægri ganglim en vinstri.

Hann segir, að hægri hné sé miklu stífara, hann getur t. d. ekki gengið upp stiga, nema með því að setja vinstri fót á undan upp í tröppuna fyrir ofan.

Hægri ökli er bæði stífur og sár, hvort sem sjúklingurinn stendur eða gengur, einkum þó við gang, og sérstaklega ef ekki er alveg slétt undir fæti.

Verkir og vanlíðan í hægri ganglim á nóttunni.

Hægri fótur og fótleggur þrútna allaf á daginn, en þessi þroti (bjúgur) rennur aftur af á nóttunni.

Sjúkl. kvartar um, að hann hafi þreytuverk í hægri hönd og hún sé máttminni og að einnig sæki kulda að hægri hendi. Sjúkl. segir, að er hann gekk með hækjur, hafi hann fengið verk og stirðleika í hægri öxl og hönd. Öxlin hafi smám saman lagast, en höndin sé enn eins og að framan er greint.

Verkur og þreyta vinstra megin í spjaldhrygg og í vinstri mjöðm. Sjúkl. telur þetta stafa af því, að hann gangi skakkur og reyni því meira á vinstri hlið heldur en vera ætti.

Skoðun: Útlit hraustlegt, frekar yngri en svarandi til aldurs.

Gangur: Stingur við á hægri fæti, sýnilega vegna þess, að hægri öklaliður hreyfist ekki eðlilega.

Við skoðun á ganglimum sést 15 cm langt, vel gróið ör framan og innanfótar á hægri fótlegg nærri miðju. Er það eftir skurðaðgerðina 8. sept. 1960. Um miðju þessa örs gómstór dæld og ör, þar sem hið opna beinbrot var. Um þetta svæði allt er talsverður búgur. Nokkur roði er á hægri fótlegg umhverfis þetta svæði, en að öðru leyti er húðlitur eðlilegur á ganglimnum.

Báðir ganglimir mælast jafn langir.

Líðir: Mjaðmir eðlilegar.

Hnjáliðir: Ekki er sýnileg eða finnanleg bólga í hnjánum og ekki heldur vökvaaukning, en hægri hné mælist $\frac{1}{2}$ cm grennra en vinstra. Bæði hné réttast eðlilega, en hægri hné vantar 30° í fulla beygju, miðað við vinstri. Mikið brak er í hægri hné við hreyfingar, en ekkert í vinstra.

Öklaliðir: Hægri ökli er sýnilega gildari og mælist $1\frac{1}{2}$ cm gildari en vinstri. 15° vantar í dorsal flexion og plantar flexion, hvora um sig í hægri ökla, og pro- og supi-nation er aðeins 50% í hægri ökla, móts við þann vinstri.

Tær hreyfast eins á báðum fótum.

Fkki eru sýnilegar vöðvarýrnanir, en hægri lærleggur er einum cm grennri en vinstri, mælt 16 cm ofan við efri brún hnéskeljar. Ummál kálfa er eins á hægri og vinstri. Rétt fyrir ofan öklalið er hægri leggur 1 cm gildari en vinstri.

Sársauka- og snertiskyn virðist eins á báðum ganglimum. Djúpir reflexar eru framkallanlegir, en daufir báðum megin. Babinski er neikvæður á báðum.

26. okt. 1961 voru teknar röntgenmyndir af báðum hnjám, fótleggjum og öklaliðum. Í hægri sköflungsbeini er gróið beinbrot í góðum stellingum. Nokkur úrkölkun er fyrir neðan beinbrotið og á öklasvæðinu. Í hægri hné er talsverð úrkölkun og dálítill þrenging á liðbili. Hægri ökli er með mjög blettóttum beinum vegna úrkölkunar, og þar eru talsvert miklar gigtar-breytingar (arthrosur) með totumyndun á liðbrúnum og þrengingu á liðbili. Í vinstra hné kemur fram sveskjusteinsstór liðmús“.

Hinn 17. nóvember 1961 mat Stefán Guðnason tryggingalæknir örorku stefnanda af völdum slyssins. Auk þess sem fram kemur í vottorði Friðriks Einarssonar, segir svo í örorkumatinu um grundvöll þess og niðurstöðu:

„... Slasaði mætir til örorkumats 17/11-61 og fyrir liggur læknisvottorð dr. með. Friðriks Einarssonar.

Kvartanir. Slasaði kvartar um, að afl í hægri ganglim sé minna en það var fyrir meiðslið og minna en í þeim vinstri. Hægri fótur og fótleggur bólgná á daginn, en sá þroti rennur að mestu af á nóttunni. Hann hefur verki og vanlíðan í hægri ganglim um nætur.

Hann kvartar um stirðleika í hægri hné, svo að hann getur t. d. ekki gengið upp stiga með þeim venjulega hætti að stíga fótum upp á víxl, heldur verður hann alltaf að stíga vinstra fæti upp á undan og draga hægri fót á eftir.

Stirðleiki og sársauki eru í hægri öklalið, er hann stendur eða gengur, einkum þó við gang, ef ekki er slétt undir fæti.

Slasaði kvartar um þreytuverk í hægri hendi, að hún sé máttminni en hún áður var og samanbrotið við þá vinstri og að á hana sæki óeðlilegur kuldi. Hann segist hafa fengið verk og

stirðleika í hægri öxl og hönd, meðan hann gekk við hækjur. Öxlin hafi smám saman lagast, en höndin sé enn eins og nú var lýst.

Þá segist slasaði finna til verkjar og þreytu í spjaldhryggnum vinstra megin og vinstri mjöðm. Telur hann það stafa af því, að hann gangi skakkur og reyni því meira á vinstri hlið en eðlilegt sé.

Skoðun. Frekar hraustlegur maður, fremur yngri útlits en svarar til aldurs. Hann er stinghaltur og gengur við staf.

Hægri ganglimur. Framan á hægri fótlegg er um 15 sm langt bogið ör eftir skurðaðgerðina 8/9 '60. Húðin umhverfis örið með roðablæ og nokkur bjúgur í kring. Í miðju örinu er gómstór dæld, þar sem sárið og hið opna beinbrot var.

Hægra læri mælist 1 sm grennra en það vinstra, mælt 15 sm fyrir ofan efri brún hnéskeljar, og hægri fótleggur 1 sm gildari en vinstri, mælt rétt fyrir ofan öklaliðinn.

Hægri hnéliður. Allmikið marr er við hreyfingar í hægri hnélið. Hnéð réttist til fulls, en um 30 gráður vantar á fulla beygju, samanborið við vinstra hné.

Hægri öklaliður. Allar hreyfingar, bæði aktivar og passivar, eru takmarkaðar í hægri öklalið. Vantar um 20 gráður á ristarbeygju, 15 gráður á ilbeygju og um helming á hverfingu, samanborið við vinstri öklalið.

Um röntgenmyndir, sem voru teknar af báðum hnjám, fótleggjum og öklaliðum 26. okt. 1961, segir dr. Friðrik Einarsson: Í hægra sköflungsbeini er gróið beinbrot í góðum stellingum. Nokkur úrkölkun er fyrir neðan beinbrotið og á öklasvæðinu. Í hægra hné er talsverð úrkölkun og dálítill þrenging á liðbili. Hægri ökli er með mjög blettóttum beinum vegna úrkölkunar, og þar eru talsvert miklar gigtarbreytingar (arthrosur) með totumyndun á liðbrúnum og þrengingu á liðbili. Í vinstra hné kemur fram sveskjusteinsstór liðmús.

Alyktun. Hér er um að ræða kvæntan afgreiðslumann, sem er fæddur 4. okt. 1892, sem hestur sló á útreiðartúr 8. maí 1960 með þeim afleiðingum, að hinn slasaði maður hlaut opið beinbrot á hægra fótlegg.

Slasaði lá í sjúkrahúsi vegna afleiðinga slyssins frá slysdegi 8/5 1960 til 20/5 1960.

Eftir það var slasaði heima, fyrst alveg rúmleggjandi mánaðar-tíma, en síðan staulaðist hann um í gipsumbúðum við 2 hækjur til 6/9 '60.

skattframtölum fyrir starfsárin 1957—1959 hafa vinnutekjur hans þau ár einvörðungu verið fyrir störf hjá Flugfélagi Íslands, og í örorkuvottorðinu kemur fram, að hann hefur hafið þar störf að nýju, er hann varð til þess fær. Umrædd þrjú ár fyrir slysið hafa vinnutekjurnar verið sem hér segir:

Árið 1957	kr. 61.305.00
— 1958	— 64.008.00
— 1959	— 64.417.00

Ef tekjur þessar eru umreiknaðar með tilliti til kauplagsbreytinga, og miðað er við breytingar á kauptaxta Verzlunarmannafélags Reykjavíkur (afgreiðslumenn með þriggja ára starfsreynslu), reiknast mér umreiknaðar meðalárstekjur vera sem hér segir:

Frá slysdegi til júníloka 1961	kr. 64.771.00
Frá 1/7 1961 til 31/5 1962	— 71.896.00
og eftir þann tíma	— 74.772.00

Hér hefur verið reiknað með þeirri 4% hækkun frá 1. júní 1962, sem kveðið er á um í núgildandi kjarasamningum verzlunarmanna og fjölmargra annarra stétta.

Miðað við þann tekjugrundvöll, er hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Vegna tímabundinnar örorku til 9/5 1961	kr. 57.792.00
Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma	— 63.078.00

Samtals kr. 120.870.00

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1941—1950. Í því sambandi má geta þess, að hættara hlýtur að vera við, að starfsorkulíkur, sem styðjast við erlenda reynslu, henti illa íslenskum staðháttum, eins og þeir eru nú, þar sem um háan aldur er að ræða. Um íslenska reynslu er hins vegar ekki að ræða í þessum efnum“.

Hinn 25. janúar 1965 skoðaði Stefán Guðnason tryggingalæknir stefnanda á ný. Um skoðun þessa segir svo í vottorði læknisins, dags. hinn 1. febrúar 1965:

„... Slasaði kom til skoðunar 25/1 1965.

Hann kvartar um svipuð óþægindi og áður í hægra fótlim og

á svipuðu stigi. Þreytuverk í fótleggnum og stirðleika í hnélið. Óþægindanna verður sem fyrr vart bæði á degi og nóttu, og þau eru verri eftir áreynslu og gang að ráði. Telur sig ómögulegan til gangs á ósléttu, einkum vegna stirðleikans í hné og ökla, máttleysis og öryggisleysis fótans. Þá kvartar hann og um þreytuverk í vinstri mjöðm, svipað og áður. Óþægindin í hægri úlnlið eru enn til staðar, og ber mest á þeim á kvöldin og nóttunni.

Hægri fótlimur: Slasaði gengur við staf. Gangur öruggur á gólfi inni, og hann stingur lítið við, en það er misjafnt að sögn eftir aðstæðum. Holdslitur yfir brotstaðnum og skurðörinu eðlilegur. Læri mælist 2 sm grennra en vinstra 15 sm fyrir ofan hnéskei og kálfi 1 sm grennri en sá vinstri. Styttling fótans lítil, um 1 sm. Hreyfingar í hnélið og öklalið aktivar og passivar, svipaðar og áður er lýst.

Ástand slasaða vegna afleiðinga slyssins hefur ekki breytt svo neinu nemi, og telst ekki ástæða til að breyta áður gerðu örorkumati frá 23/11 1961 um tímabundið og varanlegt slysa-örorkumat slasaða, og vísast til þess“.

Að ósk lögmanns stefnanda reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur hinn 22. júní 1966 að nýju út verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda af völdum slyssins. Um grundvöll útreiknings þessa, að því leyti sem breyting hafði orðið frá fyrri útreikningi og niðurstöðu, segir svo í örorkumatinu:

„... Töflur þær um starfsorkulíkur, sem nú eru notaðar, eru samræmdar eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960 í stað árána 1941—1950. Hér á eftir verður reiknað með hinum nýrri töflum, og veldur sú breyting tæplega 1% hækkun niðurstöðu.

Frá árslokum 1961 hafa sex sinnum átt sér stað grunnkaups-hækkanir hjá verzlunarmönnum, og auk þess hefur verið tekin upp greiðsla verðlagsuppbótar, er nemur nú 13.42%. Þegar tillit er tekið til þessara hækkana, reiknast mér umreiknaðar meðalvinnutekjur Samúels 1957—1959 verða sem hér segir:

Frá slysdegi til 30/6 1961	kr.	64.771.00
— 1/7 1961 til 31/5 1962	—	71.896.00
— 1/6 1962 - 30/6 1963	—	78.367.00
— 1/7 1963 - 30/9 1963	—	84.245.00
— 1/10 1963 - 30/11 1964	—	97.800.00
— 1/12 1964 - 28/2 1965	—	104.255.00
— 1/3 1965 - 31/5 1965	—	107.435.00

Frá 1/6 1965 til 14/7 1965	kr. 108.071.00
—15/7 1965 - 31/8 1965	— 112.393.00
— 1/9 1965 - 30/11 1965	— 113.716.00
— 1/12 1965 - 28/2 1966	— 116.362.00
— 1/3 1966 - 31/5 1966	— 124.263.00
— 1/6 1966	— 129.124.00

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið greint frá, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundinnar örorku til 9/5 1961 kr. 57.848.00

Vegna varanlegrar örorku eftir þann tíma — 82.910.00

Samtals kr. 140.758.00

Vegna aldurs Samúels fara starfsorkulíkur ört lækkandi, og hækkar því niðurstöðutala ekki meira en raun ber vitni þrátt fyrir hinar miklu kauphækkningar.

Tekið skal fram, að með kjaradómi verzlunarmanna, er gilti frá 1. október 1963, breyttist fyrri flokkaskipan. Hef ég hér að framan miðað við, að Samúel hafi farið í 5. flokk (afgreiðslum. eftir þrjú ár) og tekið hámarks-laun þess flokks. Til samanburðar skal þess getið, að sé miðað við 7. flokk (fyrir menn við vanda-söm afgreiðslustörf), verða launin frá og með 1. okt. 1963 um 19% hærrí en að framan getur, og nema þá árstekjur frá 1. júní 1966 kr. 153.681.00. Við þá breytingu mundi heildarverðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi hækka um kr. 9.913.00, þ. e. í kr. 150.671.00.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings“.

Hinn 23. júlí 1966 endurskoðaði tryggingafræðingurinn þennan síðari útreikning sinn með tilliti til nýrra upplýsinga, sem fram höfðu komið af hálfu stefnanda. Um grundvöll þessa endurskoðaða útreiknings og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 23. júlí 1966:

„Í framhaldi af útreikningi mínum frá 22. júní 1966 í sambandi við örorkutjón Samúels Kristbjarnarsonar, Hátúni 4, Reykjavík, af völdum slyss 8. maí 1960 hafið þér aflað þeirra viðbótarupplýsinga, að Samúel hafi hinn 1. maí 1963 tekið að starfa við bókhald hjá Flugfélagi Íslands h/f. Með tilliti til þessara upplýsinga hafið þér sent mér ljósrit af skattframtölum hans fyrir starfsárin 1963—1965 og óskað eftir nýrri endurskoðun útreikninganna.

Samkvæmt ofangreindum skattframtölum hafa vinnutekjur Samúels starfsárin 1963—1965 verið sem hér segir:

Árið 1963	kr. 104.110.00
— 1964	— 97.323.00
— 1965	— 111.414.00

Samkvæmt kjarasamningi verzlunarmanna eru bókarar í 5. og 7. launaflokki. Þótt miðað sé við 5. flokk (hámark), eru tekjurnar fremur lágar 1964 og 1965, en allháar 1963. Séu tekjur þessara þriggja ára lagðar til grundvallar útreikningi á tapi vinnutekna eftir 1. maí 1964 og við umreikning til breytts kauplags ekki gert ráð fyrir, að Samúel eigi eftir að fá neinar hækkunarir við lengri starfsaldur (um raunverulegan launaflokk eða launastig innan flokks hef ég ekki upplýsingar), reiknast mér árstekjur þær, sem tilgreindar eru í áðurnefndum útreikningi, hækka um tæp 8.9% (miðað við kauplag nú kr. 140.580.00). Reiknast mér þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi verða sem hér segir:

Vegna tímabundins orkutaps	kr. 57.848.00
Vegna varanlegs orkutaps	— 87.965.00

Samtals kr. 145.813.00

Þess skal getið, að ef stuðzt hefði verið við fyrri grundvöll með þeirri breytingu, að reiknað hefði verið með hlutfallshækkun 1. maí 1963, sem svarar tilfærslu úr 4. í 5. launaflokk nógildandi skipunar, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna mundi hafa numið kr. 146.141.00, þ. e. nær sömu fjárhæð.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreikninga í máli þessu“.

Endanleg fjárhæð þessa kröfuliðar er byggð á niðurstöðu þessa síðasta útreiknings tryggingafræðingsins.

Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárr. Er á það bent, að eftir slysið hafi stefnandi tekið við starfi með hærri launum en hann hafði áður haft. Þá er því og haldið fram, að við ákvörðun bóta beri að hafa í huga, að bætur sem þessar séu undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Er og á það bent, að stefnandi hafi fengið greidd laun frá vinnuveitanda sínum, á meðan hann var frá vinnu vegna slyssins.

Þegar athugað er það, sem hér hefur verið rakið, og hliðsjón höfð af atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00. Er þá tekið tillit til greiðslna, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, og einnig þess, að stefnandi fékk greidd sammingsbundin laun frá vinnuveitanda sínum fyrstu þrjá mánuðina eftir slysið. Þótt vinnuveitandi stefnanda hafi greitt honum afturkræf laun umfram skyldu frá 15. ágúst til ársloka 1960, þykir það ekki eiga að hafa áhrif á bætur þær, sem stefnanda verða dæmdar.

Um 3. Af hálfu stefnda Hestamannafélagsins Fáks hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárr. Er einnig á það bent, að í hinni upphaflegu kröfugerð stefnanda sé krafizt kr. 30.000.00 í þjáningabætur, og geti stefnandi nú ekki sett fram hærri kröfu. Eftir að upphafleg krafa stefnanda um þjáningabætur kom fram, kom í ljós, að stefnandi hafði orðið fyrir varanlegri örorku af völdum slyssins. Með hliðsjón af því þykir stefnandi ekki vera bundinn af hinni upphaflegu kröfugerð að þessu leyti. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og lýst varanlegum áverkum, sem stefnandi ber eftir slysið. Dómurinn hefur kynnt sér áverka þá, sem stefnandi ber eftir slysið. Að því athuguðu þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi Björgvin verður sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart honum verður látinn niður falla. Stefnda Hestamannafélaginu Fáki verður gert að greiða stefnanda helming af kr. 162.335.00 (12.335.00 + 100.000.00 + 50.000.00), eða kr. 81.167.50, og vexti, sem reiknast 9% frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á., 7% frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Hauki Ragnarssyni tilraunastjóra og Kristni Jónssyni héraðsráðunaut.

Dómsorð:

Stefndi Björgvin Schram skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samúels Kristbjarnarsonar, í máli þessu, og fellur niður málskostnaður þeirra í milli.

Stefndi Hestamannafélagið Fákur greiði stefnanda, Samúel

Kristbjarnarsyni, kr. 81.167.50 með 9% ársvöxtum frá 8. maí 1960 til 29. desember s. á., með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1968.

Nr. 74/1967. **Landsbanki Íslands** (Stefán Pétursson hrl.)
 gegn
Verzluninni Breiðabliki og Þorsteini N. Halldórssyni (Vilhjálmur Þórhálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. apríl s. á. Krefst hann þess, að „héraðsdóminum verði breytt á þá leið, að niður verði felldur sjóveðréttur í v/b Gulltoppi, KE 29, fyrir hinum tildæmdu kröfum“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndi Verzlunin Breiðablik krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Þorsteinn N. Halldórsson hefur ekki sótt þing og engar kröfur gert fyrir Hæstarétti.

Mál þetta höfðaði stefndi Verzlunin Breiðablik gegn stefnda Þorsteini N. Halldórssyni með héraðsdómsstefnu 28. júní 1966 til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.118.30 vegna vörukaupa til v/b Gulltopps, KE 29, á árinu 1965. Þá var Þórði Þórðarsyni, Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, stefnt til